

Sveitarstjórn Dalabyggðar
Miðbraut 11
370 Búðardal

Dalabyggð, 5. 4. 2023

Erindi: Opnun og bætt aðgengi skógarsvæða í Búðardal - Brekkuskógur

Á síðasta ári sendum við nokkrir áhugamenn um skógrækt erindi til sveitarstjórnar varðandi ofangreint málefni og var því vel tekið og samþykkt á 219. fundi sveitarstjórnar þ. 3.5. 2022. Í framhaldinu beittum við okkur einnig fyrir endurreisn Skógræktarfélags Dalasýslu. Skógræktarfélagið sótti síðan um styrk til DalaAuðs á s.l. hausti og fékk kr. 500 þús. til að hefja undirbúning og skipulagningu verkefnisins. Jafnframt sótti félagið um kr. 7,6 millj. styrk í sama mál til Framkvæmdasjóðs ferðamanna, en enn hefur ekki borist svar. Félagið sótti aftur um framhaldsstyrk til DalaAuðs nú í mars. Þar sem trygg fjárráð voru takmörkuð, var ákveðið að binda starfið fyrst eingöngu við Brekkuskóg og fór því styrkur DalaAuðs í að greiða fyrir vinnu verkfræðistofunnar EFLU varðandi skipulag fyrir Brekkuskóg. Nú liggja frumdrög að skipulagi fyrir, ásamt kostnaðaráætlun fyrir frekari vinnu EFLU. Verkefnið hefur einnig verið kynnt fyrir Breiðfirðingafélaginu og hafa þar margir félagsmenn líst áhuga á að taka þátt í sjálfböðavinnu við Brekkuskógarverkefnið.

Nú er stefnt að því að byrja vinnu við bílastæði og stígagerð í Brekkuskógi á þessu sumri í samræmi við meðfylgjandi frumdrög frá EFLU. Samkvæmt því plani er gert ráð fyrir opnu svæði-rjóðri-samkomusvæði efst í skóginum. Á þessu svæði er nú lítill, sem enginn trjágróður og svæðið er nánast flatt, eða hallalaust, en er mjög stórbýft og þannig erfitt yfirferðar. Til þess að þetta svæði nýtist og þjóni sínum tilgangi þarf helst að keyra í það talsvert magn af jarðvegi og að slétta það. Svæðið er sýnt á meðfylgjandi loftmynd ásamt aðkomuslóða, sem væri bílfær a.m.k. að sumri til. Svæðið er um 1500 fm og ef t.d. væri gert ráð fyrir að keyra jarðveg/uppgröft frá framkvæmdum, sem næmi að jafnaði 20 cm, þá væri það um 300 rúmmetrar. Tekið skal fram að þetta magn er bara ágiskun og hefur ekki verið metið af EFLU eða framkvæmdaaðilum, sem þekkingu hefðu á slíku verki.

Tilgangurinn með þessu bréfi er því annars vegar að fá staðfestingu um að við höfum leyfi til að hefja vinnu á svæðinu skv. þessum áætlunum, sem hér er lýst, og hins vegar að kanna hvort möguleiki sé á því að sveitarfélagið geti stutt verkefnið með því að útvega jarðvegsefni/uppgröft frá einhverjum fyrirhuguðum framkvæmdum á vegum sveitarfélagsins og keyra það inn á fyrirhugað rjóðursvæði.

Með von um gott samstarf í framtíðinni,

f.h. Skógræktarfélags Dalasýslu

Virðingarfyllst,

Jakob K. Kristjánsson,

Tillaga að um 1500 fm sléttu svæði í Brekkuskógi, fyrir rjóður/samkomustað ásamt aðkomustíg, sem kæmi út úr fyrirhugðum vegi að bílastæði skv. Plani frá EFLU.

